Starfsreglur þjálfara

Við sýnum ábyrgð og erum til fyrirmyndar

Þjálfarar félagsins eru fyrirmyndir iðkenda sinna. Eftirfarandi reglur lýsa þeirri framkomu og þeim vinnubrögðum sem ætlast er til af öllum þjálfurum.

1. Þjálfarar sýna hver öðrum, iðkendum sínum og foreldrum/forráðamönnum virðingu
2. Þjálfarar mæta snyrtilega til fara, í viðeigandi íþróttafatnaði. Notkun tyggigúmmís í salnum er óheimil. Sítt hár er í teygju á meðan þjálfun á sér stað.
3. Þjálfarar mæta tíu mínútum fyrir æfingatímann. Þannig erum við tilbúin þegar æfingin hefst. Iðkendur eru sóttir inn í klefa þegar tíminn byrjar, ekki þegar tíminn á að vera byrjaður. Sýnum ábyrgð, verum til fyrirmyndar.
4. Þjálfarar standa á meðan þjálfun stendur. Frjáls leiktími er ekki í boði en hægt er að leyfa iðkendum að leika sér ef það er gert með skipulögðum hætti.
5. Þjálfarar leysa ágreining sem upp kann að koma fyrir utan salinn, ekki inn í sal fyrir framan iðkendur.
6. Þjálfarar tileinka sér kurteisi, jafnvel þegar hún er ekki endurgoldin. Ef foreldrar/forráðamenn eru dónalegir reynum við eftir fremsta megni að leggjast ekki á sama plan. Ef upp koma erfið mál sem við getum ekki leyst eða eigum ekki svar við vísum við á næsta yfirmann (Deildarstjóra, framkvæmdarstjóra, yfirþjálfara eða stjórnarmann (gott að hafa ákveðinn aðila)).